

# Matarsóun – tillögur til úrboða

Starfshópur um matarsóun, apríl 2015



UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

## Efnisyfirlit

---

Inngangur .....	2
Almennt .....	2
1. Starfshópur um matarsóun .....	2
2. Hvað er matarsóun? .....	3
3. Aðgerðir sem þegar eru fyrir hendi .....	5
4. Stjórnæki sem nýtast við að draga úr sóun matvæla.....	7
Tillögur .....	7
5. Rannsóknir á matarsóun Íslendinga .....	7
6. Fræðsla til neytenda og vitundarvakning .....	8
7. Geymsla og merkingar matvæla.....	10
8. Framleiðsla, dreifing og sala .....	11
9. Stórelldhús, veitingahús og mótuneyti .....	13
Viðauki – Gagnlegt efni um matarsóun .....	14

## Inngangur

---

Starfshópur um matarsóun var settur á fót haustið 2014 af umhverfis- og auðlindaráðherra til að móta tillögur um hvernig draga megi úr sóun matvæla. Starfshópurinn hélt ellefu fundi. Í þessari skýrslu er að tæpt á því hvað matarsóun er og þeim verkefnum sem þegar hefur verið hrint í framkvæmd á þessu sviði. Í skýrslunni er auk þess að finna tillögur hópsins en þær lúta að rannsóknum á matarsóun á Íslandi, fræðslu til neytenda og vitundarvakningu, geymslu og merkingu matvæla, framleiðslu, dreifingu og sölu matvæla og matarsóun í stóreldhúsum, veitingahúsum og mötuneytum.

Starfshópurinn leggur áherslu á að tillögur skýrslunnar verði metnar og þeim forgangsraðað. Að teknu tilliti til þess fjármagns sem er fyrir hendi verði síðan gerðir samningar við tilgreinda ábyrgðaraðila verkefnanna sem hljóta brautargengi.

## Almennt

---

### 1. Starfshópur um matarsóun

---

Á degi umhverfisins 25. apríl 2014 stóð umhverfis- og auðlindaráðuneytið fyrir málþingi um matarsóun undir yfirskriftinni „Hættum að henda mat.“ Á málþinginu, sem var vel sótt, var fjallað um umfang, ástæður og afleiðingar matarsóunar, hvað stýrir neytendum þegar kemur að kaupum á mat, hvernig nýta megi betur hráefni við matvælaframleiðslu, hvernig draga megi úr matarsóun í mötuneytum og þá vitundarvakningu sem orðið hefur hjá almenningi og stjórnvöldum á þessu sviði.

Til að fylgja málþinginu eftir skipaði umhverfis- og auðlindaráðherra starfshóp um matarsóun 26. september 2014.

Í skipunarbréfi starfshópsins segir:

*„Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) áætlað að þriðjungur matvælaframleiðslu, eða um 1,3 milljarðar tonna matvæla fari til spillis. Á sama tíma fara milljónir fólks svangar að sofa á hverjum degi og tugþúsundir barna deyja daglega úr næringarskort. Þetta ójafnvægi í lífsstíl fólks hefur stórfelld áhrif á heilsu og umhverfið, m.a. vegna aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda, land- og vatnsnotkunar og ýmissar mengunar sem hlýst af matarframleiðslu.*

*Á Degi umhverfisins í ár, 25. apríl, stóð umhverfis- og auðlindaráðuneytið fyrir málþingi um matarsóun undir yfirskriftinni „Hættum að henda mat“. Á málþinginu var fjallað um umfang, ástæður og afleiðingar matarsóunar, hvað stýrir neytendum þegar kemur að kaupum á mat, hvernig nýta megi betur hráefni við matvælaframleiðslu, hvernig draga megi úr matarsóun í mötuneytum og þá vitundarvakningu sem hefur orðið hjá almenningi og stjórnvöldum á þessu sviði.*

*Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur einnig ákveðið að í almennri stefnu um úrgangsförvarnir sem hann mun gefa út um næstu áramót verði höfuðáhersla lögð á að draga úr og koma í veg fyrir sóun matvæla.*

*Í formennskuáætlun Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni 2014, „Gróska – lífskraftur“, er lögð áhersla á norræna lífhagkerfið þar sem eitt markmiðanna er að draga úr sóun og hámarka nýtingu og ábata af lífrænum afurðum. Eins styrkir Norræna ráðherranefndin í ár „Zero Waste“ verkefni Landverndar, Kvenfélagasambands Íslands og Vakandi sem hefur það markmið að vinna*

*gegn sóun á mat á öllum stigum framleiðslunnar og neyslu. Þá hefur Kvenfélagasamband Íslands sent frá sér ályktun um þýðingu merkinganna „Best fyrir“ og „Síðasti sóludagur“ og hefur boðað til aðgerða til að sporna gegn sóun matvæla.*

*Ráðherra skipar þig hér með í starfshóp sem hefur það hlutverk að móta tillögur um hvernig draga megi úr sóun matvæla. Hópurinn skal benda á hvetjandi leiðir til að nýta hráefni betur við vinnslu matvara sem og fullunnar matvörur eftir að þær eru komnar til neytenda, veitingastaða, framleiðenda og söluaðila. Hópurinn skal jafnframt vinna tillögur um hvernig auka megi fræðslu um matarsóun, m.a. áhrif umbúða og skammtastærða. Loks skal starfshópurinn meta hvaða stjórnæki geta gagnast við að draga úr matarsóun og hvort þörf sé á breytingum á lögum og reglum sem áhrif geta haft á sóun matvæla.*

*Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili skýrslu til ráðherra með tillögum til úrbóta í apríl 2015.“*

Hópurinn var þannig skipaður:

Laufey Helga Guðmundsdóttir, formaður, fulltrúi umhverfis- og auðlindaráðuneytis,  
Jónína Stefánsdóttir, fulltrúi Matvælastofnunar,  
Gunnlaug H. Einarsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar,  
Ragnheiður Héðinsdóttir, fulltrúi Samtaka iðnaðarins,  
Bryndís Skúladóttir, varamaður  
Guðbjörg S. Jónsdóttir, fulltrúi Samtaka verslunar og þjónustu,  
Gunnar Valur Sveinsson, fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar,  
Erna Bjarnadóttir, fulltrúi Bændasamtaka Íslands,  
Una María Óskarsdóttir, fulltrúi Kvenfélagasambands Íslands,  
Eydís Rósa Eiðsdóttir, varamaður  
Rannveig Magnúsdóttir, fulltrúi Landverndar,  
Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir, varamaður  
Lúðvík E. Gústafsson, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga,  
Rakel Garðarsdóttir, fulltrúi frá samtökunum Vakandi.

## **2. Hvað er matarsóun?**

---

Matarsóun hefur ekki verið skilgreind sérstaklega hér á landi í lögum eða reglugerðum. Almennt má segja að matvæli fari forgörðum af ýmsum ástæðum í virðiskeðjunni allt frá frumframleiðslu til fullbúinna afurða, þ.m.t. öll rýrnun framleiðslu til manneldis. Sóun matvæla (e. food waste) samkvæmt Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) vísar til þess hluta matarsóunar sem nýta hefði mátt til manneldis. Samkvæmt skilgreiningum FAO er matarsóun tap á ætum mat en þegar óætum hluta matvæla (eins og til dæmis ávaxtahýði, kaffikorgi, beinum og eggjaskurn) er fleygt, telst það ekki sem matarsóun.

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) áætla að þriðjungur matvælaframleiðslu, um 1,3 milljarðar tónna matvæla, fari til spillis. Frekari upplýsingar má finna í skýrslu FAO frá 2011: Global Food Losses and Food Waste – extent, causes and prevention.<sup>1</sup> Mat Evrópusambandsins á matarsóun er að um 100 milljónum tónna af mat hafi verið sóað árið 2014 eða sem nemur um 200 kg á íbúa (gert ráð fyrir 500 milljón íbúum í ESB).<sup>2</sup> Í Noregi og Danmörku hafa

<sup>1</sup> FAO, 2011. [www.fao.org/docrep/014/mb060e/mb060e.pdf](http://www.fao.org/docrep/014/mb060e/mb060e.pdf) [síðast skoðað 11. mars 2015].

<sup>2</sup> Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. [http://ec.europa.eu/food/safety/food\\_waste/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/food/safety/food_waste/index_en.htm) [síðast skoðað 25. mars 2015].

verið gerðar rannsóknir á matarsóun. Árleg matarsóun Dana hefur verið metin á um það bil 230 milljarða íslenskra króna.<sup>3</sup>

Byggðasamlagið Sorpa hefur árlega síðastliðin 20 ár kannað innihald tunnu fyrir blandaðan heimilisúrgang (svarta tunnan) við heimili á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstaða síðustu rannsóknar Sorpu bs. frá nóvember 2014 sýnir að flokkurinn sem heitir „Lífrænn niðurbrjótanlegur eldhúsúrgangur“ er um 40% innihaldsins og flokkur er heitir „Annar lífrænt niðurbrjótanlegur úrgangur“ er um 5%. Á árinu 2014 safnaðist um 30.000 tonn af þessum tveimur úrgangsflokkum frá 84.000 heimilum með tæplega 209.000 íbúum á höfuðborgarsvæðinu, eða sem nemur þá 65 kg á íbúa.<sup>4</sup>

Að öðru leyti en lýst hefur verið hér að framan eru ekki til áreiðanlegar tölur um umfang matarsóunar hér á landi og ekki hefur verið metið hve háum fjárhæðum árleg matarsóun nemur hér á landi. Í ljósi reynslu annarra ríkja og rannsókna sem þar hafa farið fram verður að gera ráð fyrir að matarsóun sé ekki minna vandamál á Íslandi en annars staðar.

Matarsóun er dæmigert **umhverfisvandamál sem hefur umhverfis-, efnahags- og félagslega hlið**. FAO hefur metið umhverfisáhrif matarsóunar.<sup>5</sup> Útblástur gróðurhúsalofttegunda sem svarar til framleiddra matvæla sem ekki er neytt er metinn á 3,3 milljarða tonna (gigatonn) koltvísýringsígilda (CO<sub>2e</sub>) á ári. Til samanburðar er árleg losun Íslands metin á rétt tæplega 4,5 milljónir tonna.<sup>6</sup> Magn af vatni sem fer til spillis vegna matarsóunar (grunn- og yfirborðsvatn, e. blue water footprint) er um 250 km<sup>3</sup>, eða sem svipar til rennslis árinna Volgu í Rússlandi á einu ári. Þá tekur matarsóun upp um 1,4 milljarða hektara af landi, eða um 30% af landbúnaðarlandi í heiminum (stærð Íslands er 10,3 milljónir hektara). Erfitt er að meta áhrif á líffræðilega fjölbreytni, en þó má nærri geta að einræktun og útpensla landbúnaðarlands með tilheyrandi tapi á búsvæðum taki sinn toll.<sup>7</sup> Á sama tíma og þriðjungur matvælaframleiðslunnar í heiminum er sóað, býr yfir milljarður manna við sára fátækt (lifa af á innan við 1,25 bandaríkjadöllum á dag<sup>8</sup>). Framleiðsla matvæla fer fram með miklum tilkostnaði, þar má tiltaka kostnað vegna áburðar, fóðurs, vatns, orkunotkunar, flutnings, umbúða o.fl. FAO hefur ekki sett verðmiða á það tap sem samfélög verða fyrir vegna hnignunar líffræðilegs fjölbreytileika, landbúnaðarlands, vatns og gróðurhúsalofttegunda, en stofnunin hefur hinsvegar metið beinan kostnað af matarsóun vegna landbúnaðarvara (fiskur og sjávarfang undanskilið) sem byggir á framleiðslukostnaði einum og sér. Sú tala er um 750 milljarðar bandaríkjadala á ári eða svipað og verg landsframleiðsla í Sviss.<sup>9</sup> Ein afleiðing sóunar á matvælum er að verðlag hækkar til þess að koma í veg fyrir tap vegna sóunar á framleiðslustigi og í verslunum. Þá felur matarsóun neytenda augljóslega í sér beinan fjárhagslegan kostnað fyrir neytendur.<sup>10</sup>

<sup>3</sup> Østfoldforskning. *Matsvinn i Norge 2013 – Status og utviklingstrekk 2009–13*. <http://matsvinn.no/wp-content/uploads/2013/10/OR-32-13-Matsvinn-i-Norge-2013-Status-og-utviklingstrekk-2009-2013.pdf> [síðast skoðað 11. mars 2015]. Fyrir rannsóknir í Danmörku sjá Stop spild af mad, <http://www.stopspildafmad.dk/madspildital.html> [síðast skoðað 16. apríl 2015].

<sup>4</sup> Upplýsingar fengnar hjá Sorpu bs. í febrúar 2015.

<sup>5</sup> FAO, 2013. <http://www.fao.org/docrep/018/i3347e/i3347e.pdf> [síðast skoðað 15. apríl 2015].

<sup>6</sup> Umhverfisstofnun 2014. *National Inventory Report*. [http://unfccc.int/national\\_reports/annex\\_i\\_ghg\\_inventories/national\\_inventories\\_submissions/items/8108.php](http://unfccc.int/national_reports/annex_i_ghg_inventories/national_inventories_submissions/items/8108.php) [síðast skoðað 15. apríl 2015].

<sup>7</sup> FAO, 2013. <http://www.fao.org/docrep/018/i3347e/i3347e.pdf> [síðast skoðað 15. apríl 2015].

<sup>8</sup> UNDP 2014. *The Millennium Development Goals Report 2014*. <http://www.undp.org/content/undp/en/home/librarypage/mdg/the-millennium-development-goals-report-2014.html> [síðast skoðað 15. apríl 2015].

<sup>9</sup> FAO, 2013. <http://www.fao.org/docrep/018/i3347e/i3347e.pdf> [síðast skoðað 15. apríl 2015].

<sup>10</sup> Samantekt frá Landvernd.

### 3. Aðgerðir sem þegar eru fyrir hendi

---

Rétt er að víkja stuttlega að þeim verkum sem þegar hafa verið unnin til að sporna gegn matarsóun.

**Kvenfélagasamband Íslands** hefur í 85 ár bent á leiðir til sparnaðar og bættrar nýtingar í heimilisrekstri. Sambandið gefur út tímaritið Húsfreyjuna, rekur **Leiðbeiningastöð heimilanna** ([www.leidbeiningastod.is](http://www.leidbeiningastod.is)) og hefur sinnt fræðslu og matreiðslunámskeiðum með kvenfélagskonum um land allt. Einnig hefur sambandið gengist fyrir föstum og tilfallandi fræðsluþáttum í dagblöðum, útvarpi og á öðrum vettvangi. Leiðbeiningastöð heimilanna hefur í rúm 50 ár veitt símaráðgjöf og upplýsingar um flest það er lítur að heimilishaldi og er þjónustan öllum opin og endurgjaldslaus. Gefin eru góð ráð um nýtingu hráefnis og leiðir gegn matarsóun bæði í síma og með upplýsingum á heimasíðu. Fjöl margar uppskriftir eru birtar þar sem nýtni er í fyrirrúmi. Þá gefur Leiðbeiningastöðin út fræðsluefni um geymsluþol og geymslu matvæla. Leiðbeiningarstöð heimilanna hefur staðið fyrir matreiðslunámskeiðunum „Eldað úr öllum með kvenfélögunum og Dóru“, sem er hluti af Zero Waste verkefninu (sjá síðar), þar sem áhersla er lögð á að efla sjálfstraust þátttakenda og kenndar eru aðferðir til að nýta hráefni sem annars lendir í ruslinu.

Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu, ásamt nokkrum fyrirtækjum innan samtakanna, stóðu fyrir **verkefni um umbætur í virðiskeðju matvæla** með stuðningi frá Tækniþróunarsjóði.<sup>11</sup> Markmið verkefnisins var að greina hvar í virðiskeðju matvæla rýrnun á sér stað og skilgreina aðgerðir til að lágmarka sóun sem af rýrnuninni hlýst. Lögð var áhersla á einn flokk matvæla, kældar kjötvörur, frá því hráefni kemur inn í kjötvinnslu þar til fullunnin vara yfirgefur smásöluverslun. Vitað er að mikil sóun á sér stað í virðiskeðju matvæla. Orsakir eru margar, s.s. röng vörustjórnun, röng meðferð, rofin kælikeðja eða ófullnægjandi kæling á einhverju stigi, rofnar umbúðir og ótal margt fleira. Matvælaframleiðendur og smásalar telja að verulega megi draga úr slíkri sóun með samstilltu átaki allra sem koma að virðiskeðjunni. Þannig mætti lækka verð á matvælum. Þróuð var frumgerð að upplýsingakerfi til að bæta framleiðslustýringu og minnka birgðakostnað í virðiskeðjunni. Niðurstöður verkefnisins benda til þess að þekking og vönduð og öguð vinnubrögð í allri virðiskeðjunni og gott upplýsingaflæði milli birgja og smásala feli í sér geysimikla möguleika til hagræðingar, ekki síst á sviði vörustjórnunar. Rétt kæling, meðferð og hreinlæti á öllum stigum framleiðslu, flutninga og geymslu skiptir meginmáli til að viðhalda vörugæðum kældra matvæla. Með samstilltu átaki og árvekni allra sem koma að meðhöndlun má ná betri gæðum og lengra geymsluþoli. Hækkun hitastigs um 1-2°C frá viðmiðunarhitastigi getur skert geymsluþol talsvert, samsvarandi lækkun getur að sama skapi opnað möguleika á lengingu þess og þar með stuðlað að minni rýrnun. Með réttu upplýsingaflæði og með því að beita rafrænum aðferðum við framleiðsluspár og birgðastýringu má lækka birgðaverðmæti og spara umtalsverðar fjárhæðir.

Árið 2008 var gerð **könnun á neysluvenjum og viðhorfum til endurvinnslu**. Könnunin var samstarfsverkefni Sorpu bs., Sorpstöðvar Suðurlands bs., Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf., Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar, Neytendasamtakanna, Landverndar og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Spurningalisti var sendur til 3.000 Íslendinga 18 ára og eldri sem valdir voru af handahófi úr þjóðskrá. 1198 svör bárust og var svarhlutfall 40%. Var fólk spurt hversu oft mat væri hent á heimilinu og þá var átt við nánast allan mat nema matarleifar og það sem hreinsast frá við matseld. Um fjórðungur svarenda sagðist henda mat nokkrum sinnum í viku. Um helmingur sagðist henda mat vikulega eða oftár en hinn helmingurinn hendir mat sjaldnar. Mikill munur var á því hve mat var hent oft á heimilinu eftir aldri svarenda en mat var mun oftár hent á heimilum yngri svarenda heldur en þeim eldri. Einnig var mat hent oftár eftir því sem fleiri búa á

<sup>11</sup> Þóra Valsdóttir et.al. 2010, *Umbætur í virðiskeðju matvæla - samantekt, skýrsla Matis 07-10*, <http://www.matis.is/media/matis/utgafa/07-10-Umbaetur-i-virdiskedju-matvaela-Samantekt.pdf> [síðast skoðað 15. apríl 2015].

heimilinu. Talsverður munur kom fram eftir starfi, menntun og heimilistekjum enda oftast en ekki tengd atriði en eftir því sem fólk var með meiri menntun og hærri tekjur var mat hent oftast á heimilinu. Ekki kom á óvart að oftast lenti ferskvara í ruslafötunni. Þegar fólk var beðið að svara því hverjar það teldu ástæður þess að mat væri hent á þeirra heimili tóku flestir undir þá fullyrðingu að betra væri að eiga meira en minna af mat, að umbúðir og einingar væru of stórar eða einfaldlega að eitthvað sé keypt inn sem ekki er borðað.<sup>12</sup>

Í formennskuáætlun Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni 2014, „Gróska – lífskraftur“, er lögð áhersla á norræna lífhagkerfið þar sem eitt markmiðanna er að draga úr sóun og hámarka nýtingu og ábata af lífrænum afurðum. Norræna ráðherranefndin styrkir „**Zero Waste**“, verkefni Landverndar, Kvenfélagasambands Íslands, Vakanda, Stop spild af mat- hreyfingarinnar í Danmörku og Matvett í Noregi sem hefur það markmið að vinna gegn sóun matar á öllum stigum framleiðslunnar og neyslu. Verkefnið snýst um almenna vitundarvakningu um matarsóun og hófst á stórrí hátíð í Hörpu, „Saman gegn matarsóun“, 6. september 2014. Þar komu saman bændur, veitingastaðir, verslanir og neytendur ásamt frumkvöðlum og frjálsum félagasamtökum sem tengjast málefni. Haldin voru stutt erindi, m.a. af Selinu Juul frá Danmörku og Tristram Stuart frá Bretlandi sem bæði hafa barist fyrir þessu málefni í heimalöndum sínum. Zero Waste-verkefnið stóð einnig fyrir ráðstefnu um matarsóun í nóvember 2014 og meðal annarra verkþátta má nefna stutt myndbönd um hvernig forðast mætti matarsóun um jólin, kokkaviðburði fyrir sjónvarp ásamt gerð heimildarmyndar og matreiðslubókar.<sup>13</sup>

Í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu er nú þessi dægrin unnið að gerð **stefnu um úrgangsförvarnir** til tólf ára í samræmi við nýlegar breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs. Markmið stefnunnar er að draga úr myndun úrgangs og hráefnisnotkunar, bæta nýtingu auðlinda, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka dreifingu á efnum sem eru skaðleg heilsu og umhverfi. Í stefnunni verða níu áhersluflokkar í brennidepli og fyrstu tvö árin lögð höfuðáhersla á að draga úr og koma í veg fyrir sóun matvæla. Er þetta gert þar sem einmitt núna á sér stað mikil umræða um matarsóun og matarúrgang, ekki bara á Íslandi heldur á Norðurlöndunum og annars staðar í Evrópu. Í drögum að stefnunni er m.a. lagt til að almenningur fái fræðslu um skilvirkari innkaup, geymslupólsmörkingar matvæla og hvernig hægt sé að nýta afganga. Að auki er stungið upp á samstarfsverkefni um minni matarsóun, til dæmis með stóreldhúsunum, veitingastöðum og kaupmönnum og að skoðaðir verði möguleikar á uppsetningu kerfis þar sem hægt er að selja matvöru þótt komið sé fram yfir síðasta sölundag.

Landvernd vinnur nú að **forrannsókn á matarsóun** á 15-20 reykvískum heimilum með stuðningi Reykjavíkurborgar. Spurningalisti og viðtöl kanna viðhorf til matarsóunar og ástæður fyrir henni. Þátttakendur halda matardagbók í eina viku þar sem þeir mæla matarsóun sína og fjárhagslegt tjón matarsóunar verður metið út frá þessu. Viðtöl eru aftur tekin við þátttakendur eftir að matardagbókum hefur verið skilað. Niðurstöður úr þessari forrannsókn munu liggja fyrir á vormánuðum 2015 og verkefnið mun skila fyrstu niðurstöðum um umfang matarsóunar frá íslenskum heimilum.

Vakandi og meistaranemar í verkefnastjórnnum (MPM) við Háskólann í Reykjavík hafa tekið höndum saman um stofnun matarbanka. Markmið verkefnisins **Matarbankinn** er að minnka matarsóun hjá matvælabirgjum á þeim matvælum sem eiga skammt eftir af sölundagsetningum sínum eða eru

<sup>12</sup> Einar Mar Þórðarson, Fanney Þórisdóttir og Friðrik H. Jónsson. *Könnun á neysluvenjum og viðhorfum til endurvinnslu*. Samstarfsverkefni Sorpu bs., Sorpstöðvar Suðurlands bs., Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf., Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, Neytendasamtakanna, Landverndar og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Sjá: [http://fenur.is/assets/soun\\_og\\_endurvinnsla\\_00274.pdf](http://fenur.is/assets/soun_og_endurvinnsla_00274.pdf) [síðast skoðað 24. mars 2015].

<sup>13</sup> Sjá [www.matarsoun.is](http://www.matarsoun.is).

útlitsgallaðar. Verkefnið snýst um að koma á samskiptum milli matvælabirgja sem vilja losna við mataæli og hjálparsamtaka sem leita eftir matargjöfum í formi aðgangsstýrðrar vefsíðu þar sem matvælabirgjar geta skráð matargjafir sínar sem hjálparsamtök geta svo nálgast.

Vakandi í samstarfi við Landvernd vinna að gerð heimildarmyndarinnar **Vakandi veröld** (e. Awakening World). Heimildarmyndin þróaðist út frá samstarfi Vakandi hreyfingarinnar, Landverndar og Kvenfélagasambandi Íslands í Zero Waste verkefninu um matarsóun. Umfjöllunarefni myndarinnar sameinar tvö umfjöllunarefni; matar- og tiskusóun. Tvær af grunnþörfum mannfólksins eru matur og klæði og þær þarf að uppfylla til að fólk geti haldið lífi. Þegar þessar tvær grunnþarfir eru farnar að hafa í för með sér gifurlega slæm áhrif, bæði á umhverfið og samfélagið, er rétt að staldra aðeins við. Í Vakandi veröld eru áhorfendur leiddir í gegnum heim matvæla- og tiskuframléiðslu þar sem skoðað er hvaða umhverfis- og samfélagslegu áhrif framléiðsla þessara hluta hefur í för með sér. Sérstök áhersla er lögð á sóun og áhorfendunum gerð grein fyrir því hve mikið af auðlindum fer til spillis þegar vara endar í ruslinu eftir langt framléiðsluferli og ferðalag til neytandans. Rauði þráður myndarinnar er sá að valdið liggur í höndum neytenda. Áætlað er að tölur myndarinnar fara fram árið 2015 en tryggja þarf verkefninu frekari fjárstuðning.

Til viðbótar við framangreint er í viðauka að finna ábendingar um gagnlegt efni um matarsóun og dæmi erlendis frá.

#### 4. Stjórnþæki sem nýtast við að draga úr sóun matvæla

Samkvæmt 4. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs, sbr. reglugerð nr. 969/2014, skal í svæðisáætlunum sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs gera grein fyrir leiðum til að ná þeim markmiðum að lífrænn heimilisúrgangur sem berst til urðunarstaða hafi, eigi síðar 1. júlí 2020, minnkað niður í 35% af heildarmagni þess lífræna heimilisúrgangs sem féll til árið 1995. Í 5. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs, sbr. reglugerð nr. 969/2014, er að auki tiltekið að í svæðisáætlunum sveitarfélaga skuli einnig gera grein fyrir leiðum til að ná þeim markmiðum að annar lífrænn úrgangur, svo sem lífrænn rekstrarúrgangur, sem berst til urðunarstaða hafi, eigi síðar 1. júlí 2020, minnkað niður í 35% af heildarmagni þess úrgangs sem féll til árið 1995. Í Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs frá 2013 er að finna tillögu um að urðun lífræns úrgangs verði bönnuð frá og með 2021 og að sérstakur skattur verði lagður á urðun úrgangs.

Minnkun matarsóunar hér landi leiðir til þess að minna magn af lífrænum úrgangi fer til urðunar og styður því við framangreind markmið stjórnvalda og tillögu Landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs. Þó verður að benda á að þessi stjórnþæki snúa eingöngu að meðhöndlun úrgangsins þegar hann hefur orðið til en snýr ekki beint að úrgangsforvörnum eins og stefnt er að með tillögum til að sporna gegn matarsóun.

Að auki má nefna að í starfshópi um matarsóun var einnig rætt um möguleg stjórnþæki sem snúa að ívilnunum í skattkerfinu og ýmsum hvatakerfum sem stuðla að minni matarsóun.

#### Tillögur

#### 5. Rannsóknir á matarsóun Íslendinga

Starfshópur um matarsóun ræddi hvort rannsaka ætti umfang matarsóunar. Í ljósi reynslu annarra ríkja og rannsókna sem þar hafa farið fram verður að gera ráð fyrir að matarsóun sé ekki minna vandamál á Íslandi en annars staðar. Hefur því verið m.a. velt upp hvort leggja eigi megináherslu á



að sporna gegn matarsóun með beinum aðgerðum í stað þess að leggja upp í umfangsmiklar rannsóknir enda verður að telja að matarsóun á Íslandi sé ekki minni en í nágrannalöndum okkar. Ljóst er að tölfræðiupplýsingar um magn matarsóunar liggja fyrir hjá ýmsum aðilum og úr ýmsum verkefnum. Þessar upplýsingar eru aftur á móti oft á ósamrýmanlegu formi. Starfshópurinn var sammála um að nauðsynlegt væri að framkvæma rannsóknir á matarsóun Íslendinga en ekki ætti að bíða með aðgerðir til að sporna við henni þó niðurstöður þeirra rannsókna séu ekki komnar strax. Langtímarannsóknir geta einnig sýnt fram á mælanlegan árangur aðgerða gegn matarsóun.

#### **Tillaga nr. 1: Kortlagning á fyrirliggjandi upplýsingum um matarsóun og þróun mælikvarða.**

*Markmið:* Að fyrir liggja hvaða tölfræðiupplýsingar um matarsóun hér á landi er nú þegar verið að safna, hverjir safna þeim og á hvaða formi.

*Lýsing á verkefni:* Kortlagning á því hvernig rannsaka megi matarsóun á Íslandi í ljósi þess að upplýsingar um matarsóun eru af skornum skammti og þær upplýsingar sem eru tiltækar eru frá mörgum aðilum og oft á ósamrýmanlegu formi. Svara þarf spurningunni um hvað þurfi að gera til að fá óyggjandi tölur um matarsóun. Verkefnið fæli einnig í sér þróun mælikvarða á matarsóun til að hægt verði að sýna fram á mælanlegan árangur aðgerða gegn þessu vandamáli. Mögulegt væri að fá háskólanema til að gera slíka rannsókn sem hluta af meistaraverkefni sínu.

*Kostnaðaráætlun:* 250.000 kr.

*Ábyrgðaraðili/samstarfsaðilar:* Umhverfis- og auðlindaráðuneyti í samstarfi við aðila sem safna upplýsingum um matarsóun og eftir atvikum háskóla.

#### **Tillaga nr. 2: Spurningarkönnun um matarsóun.**

*Markmið:* Að kanna viðhorf Íslendinga til matarsóunar.

*Lýsing á verkefni:* Spurningar um matarsóun settar í spurningavagn eða netkönnun. Könnun verði síðan framkvæmd öðru sinni að liðnum tveimur árum frá fyrstu rannsókn.

*Kostnaðaráætlun:* 850.000 kr. vegna utanumhalds Umhverfisstofnunar og kostnaðar við könnun.

*Ábyrgðaraðili/samstarfsaðilar:* Umhverfisstofnun í samvinnu við viðeigandi aðila.

#### **Tillaga nr. 3: Langtímarannsókn á matarsóun.**

*Markmið:* Að kanna matarsóun Íslendinga, eftir búsetu, aldri, fjölskylduhögum, atvinnu og tekjum.

*Lýsing á verkefni:* Umfangsmikil langtímarannsókn á matarsóun Íslendinga í anda þeirra rannsókna sem gerðar hafa verið á Norðurlöndum og á Bretlandi. Samtökin WRAP í Bretlandi ([www.wrap.org.uk](http://www.wrap.org.uk)) hafa mælt matarsóun síðan 2007. Með því að mæla og fylgjast með matarsóun, samhliða aðgerðum gegn matarsóun, er hægt að reikna út minnkun á útblæstri gróðurhúsalofttegunda og sparnað á vatni, orku og öðrum auðlindum. Að auki er hægt að reikna út sparnað fyrir heimili og sveitarfélög. Æskilegt væri að framkvæma slíka rannsókn á þriggja ára fresti.

*Kostnaðaráætlun:* Kostnaður verkefnisins fer eftir útfærslu þess og þeim verkþáttum sem ákveðið verður að framkvæma.

*Ábyrgðaraðili/samstarfsaðilar:* Lagt er til að myndaður verði samráðshópur með þátttöku umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Umhverfisstofnunar, annarra opinberra aðila, háskóla og atvinnulífsins.

## **6. Fræðsla til neytenda og vitundarvakning**

---

Brýnt er að fara í átaksverkefni til að vekja athygli á matarsóun og stuðla að bættum neysluvenjum almennings. Hvetja þarf neytendur til að breyta hegðun sinni í þá átt að kaupa minna inn, nýta betur það sem til er og koma í veg fyrir matarsóun. Veita þarf upplýsingar um hvernig hægt er að breyta venjum og með hvaða aðferðum. Margvíslegar hugmyndir voru ræddar í starfshópnum hvernig koma ætti fræðslu og vitundarvakningu um matarsóun á framfæri. Meðal annars var rætt um að mikilvægt væri að ná til allra skólastiga, til dæmis með kennslu um matarsóun sem hluta heimilisfræði eða sem hluta lífsleikni eða með því að fá utanaðkomandi samtök til að fara á milli og kenna krökkum hvernig nýta eigi mat. Hægt væri að ná til ungs fólks með stuttum myndböndum og kennslufni á

samfélagsmiðlum. Í þessu skyni væri hægt að grípa athygli almennings með því að fá í lið þekktar einstaklinga úr samfélaginu.

#### **Tillaga nr. 4: Ein gátt um matarsóun.**

*Markmið:* Að til verði einn vefur með upplýsingum um matarsóun og þar með einn sameiginlegur vettvangur fyrir fræðslu um matarsóun.

*Lýsing á verkefni:* Búinn verði til einn vefur með fræðslu um matarsóun og leiðbeiningum um hvernig sporna má við henni og tengja hann við Facebook síðu. Hægt væri að safna saman upplýsingum og leiðbeiningum sem þegar eru til staðar, til dæmis hjá Leiðbeiningarstöð heimilanna, ásamt nýju fræðsluefni. Kannað yrði hvort mögulegt væri að byggja á vefnum [www.matarsoun.is](http://www.matarsoun.is) og nýta það lén sem framtíðargátt fyrir matarsóun.

*Kostnaðaráætlun:* 500.000 kr. stofnkostnaður og 1.000.000 kr. rekstrarkostnaður árlega.

*Ábyrgðaraðili/samstarfsaðilar:* Umhverfisstofnun í samvinnu við Matvælastofnun, Landvernd, Kvenfélagasamband Íslands, Vakanda, Bændasamtök Íslands, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök ferðaþjónustunnar, Samband íslenskra sveitafélaga og umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

#### **Tillaga nr. 5: Átaksverkefni – hugarfarsbreyting um matarsóun.**

*Markmið:* Að allir aðilar í virðiskeðju matvæla séu meðvitaðir um matarsóun og hvernig draga megi úr henni.

*Lýsing á verkefni:* Farið verði í auglýsingaherferð til að fræða almenning og aðra um hvernig draga megi úr matarsóun. Áhersla verði lögð á áhrifaríkar leiðir til að koma fræðslu á framfæri, til dæmis með notkun samfélagsmiðla, og virkja matvælaframleiðendur, birgja og verslanir til að taka þátt í átaksverkefninu. Hugmyndir að einstökum verkþáttum eru til dæmis:

- a. Sérstakt lag um matarsóun.
- b. Sjónvarpþáttur þar sem þekkt fólk eldar heima hjá fjölskyldum úr afgangum.
- c. Matarsóunarfræðsla verði sett á mjólkurfernur og væri þar hægt að leita samstarfs við MS.
- d. Margnota innkaupapokar með áprentaðri matarsóunarfræðslu sem hefur þá einnig þann tilgang að sporna við plastpöknotkun.
- e. Plöstuð spjöld með fræðslu um matarsóun.
- f. Útbúnir verði pokar undir afganga á veitingastöðum.
- g. Stuðningur við gerð heimildarmyndarinnar Vakandi veröld, sem sérstaklega fjallar um matarsóun og kennir áhorfendum góð ráð góð ráð til að breyta um neyslumynstur.

Þessi tillaga tengist tillögu nr. 8 um fræðslu um geymslupólsmerkingar matvæla og væri hægt að framkvæma þessar tvær tillögur samhliða.

*Kostnaðaráætlun:* Kostnaður við utanumhald verkefnis 1.000.000 kr. Að öðru leyti fer kostnaður verkefnisins eftir útfærslu þess og þeim verkþáttum sem ákveðið verður að framkvæma.

*Ábyrgðaraðili/samstarfsaðilar:* Umhverfisstofnun í samvinnu við Matvælastofnun, Landvernd, Kvenfélagasamband Íslands, Vakanda, Bændasamtök Íslands, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök ferðaþjónustunnar, Samband íslenskra sveitafélaga og umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

#### **Tillaga nr. 6: Fræðsla um matarsóun tryggð í grunnskólum.**

*Markmið:* Að nemendur í grunnskóla fái fræðslu um matarsóun og hvernig draga megi úr henni.

*Lýsing á verkefni:* Í aðalnámskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er sjálfbærni einn af sex grunnþáttum menntunar og þar segir að menntun til sjálfbærni miði að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Í kafla 21.10 um hæfniviðmið fyrir heimilisfræði í aðalnámskrá grunnskóla segir að mikilvægt sé að kennsla í heimilisfræði taki mið af umhverfissjónarmiðum og veiti innsýn í vistfræði og glæði áhuga á umhverfisvernd og sjálfbærum lífsháttum. Þar sem framangreint fellur vel að málefni matarsóunar er lagt til að þessi markmið verð raungerð til dæmis með eftirfarandi verkefnum:

- a. Sérstakri fræðslu til fagfélags hússtjórnar- og heimilisfræðikennara um mikilvægi þess að miðla upplýsingum um matarsóun til nemenda og með hvaða hætti.
- b. Útfæra sérstakt kennsluefni og verkefni til að auðvelda kennurum að miðla efninu til nemenda í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- c. Tryggja fræðslu með aðstoð samtaka sem hafa reynslu af fræðslu um umhverfismál og matarsóun, eins og til dæmis Vakandi, Landvernd og Leiðbeiningarstöð heimilanna, sem gætu heimsótt skólana.

Mögulegt væri að samtvinna fræðslu um matarsóun við fræðslu um næringu og offitu. Til að verkefnið nái árangri er mikilvægt að tryggja aðkomu sveitarfélaga, til dæmis með samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga.

*Kostnaðaráætlun:* Kostnaðarmeta þarf verkefnið sérstaklega með tilliti til þeirra verkþátta sem valdir verða til að framkvæma.

*Ábyrgðaraðili/samstarfsaðilar:* Umhverfis- og auðlindaráðuneyti í samstarfi við opinbera aðila og félagasamtök.

### **Tillaga nr. 7: Fræðslufyrirlestrar á vinnustöðum, hjá félagasamtökum og stéttarfélögum.**

*Markmið:* Að sem flestir fái fræðslu um matarsóun og hvernig draga meggi úr henni.

*Lýsing á verkefni:* Landvernd, Vakandi og Leiðbeiningarstöð heimilanna hafa staðið fyrir ýmiss konar fyrirlestrum um matarsóun og hvernig draga meggi úr henni. Verkefni snýst um að útbúa skemmtilegt og grípandi fræðsluefni um matarsóun og aðferðir til að draga úr henni ásamt kynningu á fjárhagslegum ávinningi neytenda. Fræðslufyrirlestrarnir yrðu í boði fyrir vinnustaði, félagasamtök og stéttarfélög, sem mörg hver skipuleggja fræðslufundi fyrir félagsmenn sína.

*Kostnaðaráætlun:* 500.000 kr.

*Ábyrgðaraðili:* Leiðbeiningarstöð heimilanna, Landvernd og Vakandi.

## **7. Geymsla og merkingar matvæla**

---

Merkingar matvæla eru háðar regluverki Evrópusambandsins. Með reglugerð nr. 1294/2014, um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda var innleidd reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda. Með reglugerðinni varð sú breyting hér á landi að matvæli mega vera á markaði eftir að „best fyrir“ dagsetning er liðin enda miðast sú merking við að matvæli haldi fullum gæðum en séu neysluhæf áfram. Það getur haft áhrif á að minna verður hent af matvælum og það verður leyfilegt að dreifa þessum matvælum s.s. til hjálparstofnana, en það var ekki leyfilegt áður. Merkingin „Síðasti notkunardagur“ verður þá notuð fyrir viðkvæm matvæli sem geta verið varasöm til neyslu eftir þann tíma. Áfram verður bannað að dreifa eða selja matvöru eftir síðasta notkunardag. Fyrirsjáanlegt er að merkingin „Best fyrir“ verður notuð á heldur færri vörur en nú er því fleiri vörur verða merktar með síðasta notkunardegi eða „notist eigi síðar en...“ Matvælafyrirtækin ákvarða geymsluþol og einnig notkun þessara hugtaka út frá faglegri þekkingu og eiginleikum matvæla. Þess má geta að tillögur að breytingum í þá átt að fjölga matvælum sem ekki þarf að geymsluþolsmerkja, eru til umræðu hjá framkvæmdastjórn ESB.

Fyrirhugað er að Matvælastofnun fari í kynningu á breyttri geymsluþolsmerkingu matvæla. Samlegðaráhrif væru í því að sameina slíka kynningu við fræðslu um matarsóun með áherslu á aðferðir til að sporna við henni.

### **Tillaga nr. 8: Fræðsla um geymsluþolsmerkingar matvæla.**

*Markmið:* Að neytendur þekki mun á geymsluþolsmerkingunum „Best fyrir“ og „Síðasti notkunardagur“ og þeir viti að matvæli sem eru merkt með „Best fyrir“ eru örugg til neyslu ef þau líta eðlilega út, lykta og bragðast eðlilega.

*Lýsing á verkefni:* Kynningarherferð um geymslupolsmerkingar matvæla ásamt fræðslu um aðferðir til að sporna við matarsóun. Tengist tillögu nr. 5 um átaksverkefni um hugarfarsbreytingu um matarsóun og væri hægt að framkvæma þessar tvær tillögur samhliða.

*Kostnaðaráætlun:* Kostnaður verkefnisins fer eftir útfærslu þess og þeim verkþáttum sem ákveðið verður að framkvæma.

*Ábyrgðaraðili/samstarfsaðilar:* Matvælastofnun í samstarfi við Umhverfisstofnun, Landvernd, Kvenfélagasamband Íslands, Vakanda, Bændasamtök Íslands, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök ferðaþjónustunnar, Samband íslenskra sveitafélaga og umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

#### **Tillaga nr. 9: Fræðsla um geymsluaðferðir matvæla.**

*Markmið:* Að neytendur noti ávallt bestu aðferðir til að varðveita matvæli.

*Lýsing á verkefni:* Fræðsluefni á vefsíðu um hvernig best sé að geyma og meðhöndla mat (hitastig, pökkun/ílát, hreinlæti) til að hann geymist ferskur sem lengst. Fræðsluefni um val íláta og umbúða þannig að þau henti hverju tilefni (s.s. við hitun og frystingu). Bent á hvað ber að varast. Tengist tillögu nr. 4 um eina gátt um matarsóun.

*Kostnaðaráætlun:* Rúmast innan fjárheimilda Matvælastofnunar.

*Ábyrgðaraðili/samstarfsaðilar:* Matvælastofnun í samstarfi við Samtök iðnaðarins, matvælafyrirtæki, Kvenfélagasamband Íslands og fleiri.

## **8. Framleiðsla, dreifing og sala**

---

Í starfshópnum hefur sérstaklega verið rætt um þá viðskiptahætti sem tíðkast hér á landi að verslanir hafi skilarétt á vörum sem þær kaupa af birgjum. Leiðir þetta til þess að vörum sem ekki seljast á síðasta söluþegi er skilað til birgjans sem endurgreiðir vöruna í stað þess að vörur séu seldar á afslætti í verslunum fáeinum dögum fyrir síðasta neysludag. Snemma kom fram sú hugmynd að starfshópurinn beitti sér fyrir því að viðkvæmar vörur verði lækkaðar í verði í verslunum áður en geymslupól rennur út frekar en sendar til baka til birgja með þeim kostnaði sem því fylgir. Einnig var rætt um möguleika á að meðhöndla vörur í útlitsgölluðum umbúðum á svipaðan hátt. Gæta þarf þess að öryggi vörunnar sé tryggt og að umbúðir séu ekki rofnar.

Í þessu skyni var fundað sérstaklega með fulltrúum Samkeppniseftirlitsins til að kanna möguleika á að birgjum og verslunum yrði veitt heimild á grundvelli samkeppnislaga til að finna í sameiningu lausnir sem draga úr sóun viðkvæmra vara. Grundvallaratriði samkeppnislaga er að birgjar mega ekki hafa áhrif á endanlegt söluverð enda myndi slíkt teljast verðsamráð skv. 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Niðurstaða fundarins var að ekkert sé því til fyrirstöðu að smásali og birgir sæki um undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga á grundvelli 15. gr. sömu laga til að ræða möguleika á að lækka verð á vöru undir lok líftíma hennar jafnvel þó að þeir þurfi í aðdragandanum að talast við til að undirbúa umsókn um undanþágu.

Þann 25. febrúar 2015 sendi **Kvenfélagasambands Íslands** frá sér **ályktun** sem felur í sér hvatningu til framleiðenda, birgja og verslana um að nýta sér 15. gr. samkeppnislaga og hvatningu til samkeppniseftirlitsins um jákvæð viðbrögð m.a. á grundvelli 1. gr. samkeppnislaga.<sup>14</sup>

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins frá 10. mars 2015 „**Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði – staða samkeppninnar 2015**“ er sérstaklega fjallað um að matarsóun leiði til herra matvöruverðs (sjá

---

<sup>14</sup> Sjá frétt á vef Kvenfélagasambands Íslands: <http://www.kvenfelag.is/352-samkeppnisráð-beiti-sér-gegn-matarsóun.html> [síðast skoðað 17. apríl 2015].

kafla 5.3).<sup>15</sup> Að mati Samkeppniseftirlitsins er brýnt að taka til skoðunar hvort endurskoða beri nógildandi samningsákvæði um skilarétt dagvöruverslana á vörum sem þær kaupa af birgjum, þar á meðal viðkvæmum vörum eins og ferskum kjötvörum. Samkeppniseftirlitið segir ástæðu til þess að ætla að einhliða skilaréttur sem hvílir á birgjum, sé til þess fallinn að draga úr hvata dagvöruverslunarinnar til þess að koma vörum í sölu, eftir atvikum með því að lækka verð þegar líður að síðasta söludegi. Af þessu hlýst soun á matvöru sem leiðir til herra vöruverðs. Bændasamtök Íslands hafa áður bent á galla þessara viðskiptahátta m.a. í ályktunum frá Búnaðarþingi og fluttar hafa verið þingsályktunartillögur á Alþingi þess efnis að leita leiða til að sporna við þessu.<sup>16</sup> Samkeppniseftirlitið telur athugunar virði að endurskoða samninga um skilarétt þannig að hvatar dagvöruverslunar til að koma út vörum verði styrktir. Samkeppniseftirlitið útilokar heldur ekki að skoða megi undanþágu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga frá banni við samráði, sem feli í sér útfærða heimild til handa birgjum og verslunum til að finna í sameiningu lausnir að þessu leyti sem dragi úr soun viðkvæmra vara.

Fulltrúar **Samtaka iðnaðarins og Samtaka verslunar og þjónustu** í starfshópnum hafa upplýst félagsmenn sinna samtaka um vinnu hópsins og umfjöllun um málið í skýrslu Samkeppniseftirlitsins og hvatt þá til að kynna sér þá möguleika, sem felast í þessari yfirlýsingu Samkeppniseftirlitsins, til að draga úr soun matvæla.

Aukin framleiðni er eitt af þremur aðaláherslusviðum **Samtaka iðnaðarins** næstu misserin. Nýting aðfanga og bætt framleiðslustýring er stór hluti af verkefnum sem hafa það að markmiði að auka framleiðni. Aðgerðir gegn matarsoun verða hluti af framleiðniaukandi verkefnum sem snúa að matvælaframleiðendum. Fjöldmörg fyrirtæki hafa nú þegar náð góðum árangri með markvissum aðgerðum til að minnka soun. Til dæmis hefur mikill árangur náðst við að markaðssetja erlendis ýmsar aukaafurðir sláturdýra sem áður var fargað. Nokkuð hefur áunnist við að framleiða nýjar afurðir úr mysu. Nýting á sjávarfangi hefur stóraukist, bæði vegna bættrar tækni við flakavinnslu og aukaafurðir eru í auknum mæli nýttar í lækningavörur, lyf og tísku- og snyrtivörur. Enn eru þó mörg sóknarfæri.

#### **Tillaga 10: Minni soun í framleiðslu matvæla.**

*Markmið:* Aukin vitund um bætt nýtingu og minni soun í framleiðsluferli matvæla.

*Lýsing á verkefni:* Teknar verða saman hnitmiðaðar leiðbeiningar um hvernig megi draga úr soun við framleiðslu matvæla. Einnig verða birtar tillögur um hvernig matvælaframleiðendur geta upplýst neytendur um rétta meðhöndlun matvæla til að draga úr hættu á að þau skemmist eftir að inn á heimilið er komið. Leiðbeiningar verða birtar á vormánuðum 2015.

*Kostnaðaráætlun:* 250.000 kr.

*Ábyrgðaraðili/samstarfsaðilar:* Samtök iðnaðarins í samstarfi við matvælaframleiðendur og Matvælastofnun.

**Samtök verslunar og þjónustu** taka undir mikilvægi þess að hagsmunaaðilar leggi sitt af mörkum við að vinna gegn matarsoun. Nú þegar hafa aðildarfyrirtæki samtakanna hafið undirbúning að, eða komið í framkvæmd, aðgerðum í baráttu gegn matarsoun og munu samtökin leggja áherslu á að hvetja aðildarfyrirtæki sín almennt til góðra verka á því sviði. Auk þess kemur til álita að efla almenna fræðslu til félagsmanna um samfélagslegan ávinning sem og aukna nýtni í virðiskeðjunni af aðgerðum gegn matarsoun.

<sup>15</sup> Ritroð Samkeppniseftirlitsins. *Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði – staða samkeppninnar 2015*, skýrsla nr. 1/2015 – mars, <http://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2015/Matvoruskyrsla2015.pdf> [síðast skoðað 17. apríl 2015].

<sup>16</sup> Sjá þingskjal 34 í 34. máli á 140. löggjafarþingi (2011-2012).

**Samtök ferðapjónustunnar** eru fylgjandi því að hagsmunaaðilar vinni markvisst að því að takmarka matarsóun og munu hvetja aðildarfélög sín til góðra verka á þessu sviði. Auk þess hafa samtökin hug á að efla fræðslu til félagsmanna um samfélagslegan ávinning sem og aukna nýtni í virðisreðjunni af aðgerðum gegn matarsóun.

## 9. Stóreldhús, veitingahús og mötuneyti

Í þessum kafla eru lagðar til tillögur um veitingahús og mötuneyti. Nokkur veitingahús, mötuneyti og hótél hér á landi hafa nú þegar fengið umhverfisvottun og eru þar gerðar kröfur um að draga úr úrgangi. Ljóst er að hvetja þarf fleiri aðila til að afla sér slíkrar vottunar en einnig mætti leggja sérstaka áherslu á aðgerðir gegn matarsóun í viðmiðum umhverfisvottana.

### **Tillaga nr. 11: Verkefni Skóla á grænni grein um matarsóun í skólamötuneytum.**

*Markmið:* Að nemendur, sem neytendur framtíðarinnar,:

1. Skilji hvað matarsóun er og hversu víðfeðm hún er.
2. Skilji hvaða afleiðingar matarsóun hefur á bæði innlendum og alþjóðlegum skala (umhverfi, samfélag, efnahag o.fl.).
3. Geti fundið leiðir til að koma í veg fyrir matarsóun.
4. Mæli matarsóun í skólanum/bekknunum og beri saman fyrir og eftir vitundavakningu meðal nemenda.

*Lýsing á verkefni:* Verkefnið mun snúast um að nemendur mæli hve miklum mat er sóað í skólum og að nemendurnir sjálfir finni leiðir til að koma í veg fyrir matarsóun. Hægt er að setja verkefnið upp á marga vegu, til dæmis með keppni milli nemenda í því hvaða bekkur (eða önnur eining) sóar minnstum mat og með því að reikna út hve miklum pening er verið að sóa með því að henda matnum. Landvernd, sem stýrir *Skólum á grænni grein* á Íslandi, er í þróunarvinnu við að endurbæta þemu verkefnisins og áhersla verður á að auðvelda skólum að fást við flóknari umhverfismál eins og loftslagsbreytingar. Það að minnka matarsóun er öflug aðgerð til að sporna gegn loftslagsbreytingum og hentar vel í skólaverkefni. Einnig hentar verkefnið til að vekja nemendur til umhugsunar um að fara vel með auðlindir Jarðar. Byrjað verður á því að útfæra verkefnið nánar, jafnvel fyrir öll skólastig, kynna verkefnið og velja 1-3 skóla til að prufukeyra það. Í framhaldinu verður verkefnið kynnt víðar og sett í opna verkefnakistu *Skóla á grænni grein* á heimasíðu Landverndar (<http://www.graenfaninn.landvernd.is/Verkefnakista>). Landvernd mun halda utan um tölurnar hjá skólunum og Samband íslenskra sveitarfélaga mun kynna verkefnið hjá sveitarfélögum. Eftir prufukeyrslu á verkefninu verður það opið öllum skólum landsins.

*Kostnaðaráætlun:* 2.000.000 kr.

*Ábyrgðaraðili/samstarfsaðilar:* Landvernd og Samband íslenskra sveitarfélaga.

### **Tillaga nr. 12: Meðvitund um matarsóun á veitingastaðum.**

*Markmið:* Að efla meðvitund starfsmanna og viðskiptavina veitingastaða um matarsóun.

*Lýsing á verkefni:* Verkefnið miðar að því að hvetja veitingastaði til að gæta að lýðheilsusjónarmiðum með tilliti til skammtastærða og veita viðskiptavinum poka fyrir afganga (e. doggie bags, nýtnipoki) sé þess óskað. Verkefnið yrði í samvinnu við nokkra staði sem bæði miðaði að skammtastærðum og möguleika á að taka með sér afganga. Veitingastaðir sem tækju þátt í verkefninu fengju skilti eða límmiða til að upplýsa viðskiptavini um að staðurinn sporni við matarsóun.

*Kostnaðaráætlun:* 500.000 kr.

*Ábyrgðaraðili/samstarfsaðilar:* Umhverfisstofnun í samstarfi Samtök ferðapjónustunnar og veitingastaði.

### **Tillaga nr. 13: Matarsóun og Græn skref í ríkisrekstri og hjá Reykjavíkurborg.**

*Markmið:* Að matarsóun verði hluti af Grænum skrefum í ríkisrekstri og Grænum skrefum Reykjavíkurborgar.

*Lýsing á verkefni:* Verkefnin eru þegar í gangi fyrir stofnanir Reykjavíkurborgar og stofnanir ríkisins en hér er markmiðið að nýta vettvang sem þegar er virkur til að vinna gegn matarsóun. Verkefnið er í raun tvíþætt, að setja aðgerðir um fræðslu fyrir starfsmenn um matarsóun inn í skref 1 og 2 í Grænu skrefunum, til dæmis að fá starfsmenn til að setja minna af mat á diskana sína. Virkar aðgerðir til að koma í veg fyrir matarsóun væri hægt að setja inn í skref 3 og 4, fyrir stofnanir sem eru lengra komnar. Þá má skoða aðgerðir eins og að starfsmenn skrái sig í mat svo aðeins verði eldaður matur fyrir réttan fjölda starfsfólks. Áður en aðgerðirnar verða settar inn í skrefin þá verði þær fyrst prófaðar með 2-3 stofnunum og virkni þeirra metin. Hafa ber í huga að þetta á ekki við allar ríkisstofnanir, þar sem þær eru ekki allar með mótuneyti og því mikilvægt að fyrst fari fram mat á hvort aðgerðirnar séu framkvæmanlegar fyrir stofnanir.

*Kostnaðaráætlun:* 600.000 kr.

*Ábyrgðaraðili/samstarfsaðilar:* Umhverfisstofnun og Reykjavíkurborg.

## Viðauki – Gagnlegt efni um matarsóun

Fyrir um það bil tíu árum hófst mikil vitundarvakning um allan heim vegna sóunar á matvælum. Fólk var búið að átta sig á því gífurlega magni af mat sem fór forgörðum en einnig fóru líka mikil orka og ekki síst auðlindir til spillis, svo sem hreint vatn. Bæði stofnanir og einstaklingar tóku sig til, rannsökuðu umfang matarsóunar og stofnuðu hreyfingar með því að markmiði að draga með öllum tiltækum ráðum úr matarsóun. Á vegum landbúnaðardeildar Sameinuðu þjóðanna voru teknar saman nokkrar skýrslur, sbr. lista hér fyrir neðan, einnig voru unnar rannsóknir á matarsóun í nokkrum ríkjum Evrópu og í Bandaríkjunum. Hér á eftir er minnst á nokkrar útvaldar hreyfingar gegn matarsóun og upplýsingar um aðgerðir til að draga úr matarsóun.

Hugsjónakonan Selina Juul stofnaði **Stop spild af mad** hreyfinguna í Danmörku árið 2008 og hefur barist gegn matarsóun síðan þá ([www.stopspildafmad.dk](http://www.stopspildafmad.dk)). Hún hefur hlotið fjöldamörg verðlaun fyrir baráttu sína og var m.a. valin Dani ársins árið 2014. Gallup kannanir sýndu að annar hver Dani minnkaði matarsóun sína frá 2012 til 2013 og árið 2014 sóuðu Danir minni mat en fimm árum áður. Árangur verkefnis og vitundavakningu Stop spild af mad hreyfingarinnar hefur því greinilega haft mikil áhrif í Danmörku.<sup>17</sup> Á öðrum Norðurlöndum hafa orðið til svipaðar hreyfingar gegn matarsóun til dæmis **Matvett – forebygging av matsvinn** (<http://matvett.no>) í Noregi. Í Englandi er það stofnunin **WRAP** sem hefur stuðlað að minni matarsóun með áætluninni „Love Food, hate Waste“.

### Nokkrar áhugaverðar skýrslur um matarsóun og útvaldar vefsíður:

#### Ísland:

Einar Mar Þórðarson, Fanney Þórisdóttir og Friðrik H. Jónsson. *Könnun á neysluvenjum og viðhorfum til endurvinnslu*. Samstarfsverkefni Sorpu bs., Sorpstöðvar Suðurlands bs., Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf., Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, Neytendasamtakanna, Landverndar og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, [http://fenur.is/assets/soun\\_og\\_endurvinnsla\\_00274.pdf](http://fenur.is/assets/soun_og_endurvinnsla_00274.pdf).

Ritröð Samkeppniseftirlitisins. *Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði – staða samkeppninnar 2015*, skýrsla nr. 1/2015 – mars, <http://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2015/Matvoruskysla2015.pdf>

<sup>17</sup> Sjá upplýsingar hér: <http://www.stopspildafmad.dk/inenglish.html> og <http://www.stopspildafmad.dk/madspildsrapporter.html> [síðast skoðað 30. mars 2015].

Umhverfisstofnun 2014. *National Inventory Report*.  
[http://unfccc.int/national\\_reports/annex\\_i\\_ghg\\_inventories/national\\_inventories\\_submissions/items/8108.php](http://unfccc.int/national_reports/annex_i_ghg_inventories/national_inventories_submissions/items/8108.php)

Póra Valsdóttir et.al. 2010, *Umbætur í virðisikeðju matvæla - samantekt, skýrsla Matis 07-10*,  
<http://www.matis.is/media/matis/utgafa/07-10-Umbaetur-i-virdiskedju-matvaela-Samantekt.pdf>

#### **Önnur Norðurlönd:**

Norræna ráðherranefndin, *Food Redistribution in the Nordic Region - Experiences and results from a pilot study*, TemaNord 2014:562, <http://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A784307&dswid=-1350>

Norræna ráðherranefndin, *Date labelling in the Nordic countries: Practice of legislation*, TemaNord 2015:504, <http://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A790885&dswid=-1350>

Norræna ráðherranefndin, *Prevention of food waste in restaurants, hotels, canteens and catering*, TemaNord 2012:537, <http://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A701203&dswid=3110>

Norræna ráðherranefndin, *Undgå madspild : Guide til miljøvenlig og rentabel køkkendrift*, ANP 2012:740, <http://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A701204&dswid=3110>

[Noregur]

Østfoldforskning, *Matsvinn i Norge 2013 – Status og utviklingstrekk 2009–13*:  
<http://matsvinn.no/wp-content/uploads/2013/10/OR-32-13-Matsvinn-i-Norge-2013-Status-og-utviklingstrekk-2009-2013.pdf>.

#### **Evrópa:**

Vefsíða Evrópusambandsins: [http://ec.europa.eu/food/safety/food\\_waste/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/food/safety/food_waste/index_en.htm)

WRAP í Englandi og Wales: <http://www.wrap.org.uk/food-waste-reduction>  
<http://www.lovefoodhatewaste.com/>

Suffolk héraðið í Englandi: <http://www.greensuffolk.org/recycling/make-food-waste-history/>

#### **Sameinuðu þjóðirnar:**

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna. *Global Food Losses and Food Waste – extent, causes and prevention*, 2011, [www.fao.org/docrep/014/mb060e/mb060e.pdf](http://www.fao.org/docrep/014/mb060e/mb060e.pdf).

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna. *Food Wastage Footprint, Impacts on Natural Resources (summary report)*, 2013. <http://www.fao.org/docrep/018/i3347e/i3347e.pdf>.

United Nations Development Programme (UNDP) 2014. *The Millennium Development Goals Report 2014*. <http://www.undp.org/content/undp/en/home/librarypage/mdg/the-millennium-development-goals-report-2014.html>.